

4. fundur hreppsnefndar Ásahrepps, aukafundur, haldinn á skrifstofu Ásahrepps miðvikudaginn 18. júlí 2018 kl. 08:30.

Mættir voru Ásta B. Ólafsdóttir, Ágústa Guðmarsdóttir, Brynja J. Jónasdóttir, Elín Grétarsdóttir og Guðmundur Gíslason.

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Guðmundur Gíslason.

Dagskrá:

1. Ráðning sveitarstjóra
2. Bréf frá Forsætisráðuneytinu
3. Bréf frá Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu
4. Ástandsskýrsla á hesthúsi í Þóristungum
5. Fundargerðir
6. Styrkir
7. Til kynningar
8. Næsti fundur hreppsnefndar

Oddviti setti fundinn og leitaði eftir athugasemdum við boðun fundar. Oddviti leitaði afbrigða að bæta við undirliðnum 1. Ráðning sveitarstjóra „Ráðningarsamningur“.

1. Ráðning sveitarstjóra

Umsækjendur um stöðu sveitarstjóra Ásahrepps voru 20 og 1 dró umsókn sína til baka.

Oddviti leitaði eftir umboði til að ganga til samninga við Valtý Valtýsson með rafrænum hætti samkv. heimild í samþykktum Ásahrepps. BJJ og GG samþykktu en EG og ÁG sátu hjá

Oddviti fór yfir ráðningasamning við Valtý Valtýsson. Ráðningasamningurinn var samþykktur með 3 atkvæðum BJJ, ÁBÓ, GG. 2 sátu hjá EG, ÁG. Bókun E lista. Þóknast ekki 6 mánaða biðlaun vegna hagsmuna Ásahrepps.

Ráðning Valtýs Valtýssonar í stöðu sveitarstjóra Ásahrepps var samþykkt með 3 atkvæðum BJJ, ÁBÓ, GG. 2 sátu hjá EG, ÁG.

Bókun E lista. Um stöðu sveitarstjóra Ásahrepps voru 19 umsækjendur og er það ánægjuefni. Aðeins var talin ástæða til að taka viðtal við einn umsækjanda og var ástæðan sú að viðkomandi væri eini umsækjandinn sem áður hefði gegnt starfi sveitarstjóra. Þetta er ekki rétt því Gunnólfur Lárússon var sveitarstjóri Langanesbyggðar til 2013 og var þakkað fyrir vel unnin störf. Oddviti E lista bar upp þá ósk að lagt yrði raunverulegt mat á hæfni annarra umsækjanda og efstu aðilum boðið til viðtals. Því var hafnað af hálfu L lista. Fulltrúar E lista óska Valtý velfarnaðar sem sveitarstjóri Ásahrepps með ósk um gott og farsælt samstarf.

Sveitarstjórn samþykkir með 5 atkvæðum að sveitarstjóri taki við prókúru fyrir sveitarfélagið Ásahrepp

2. Bréf frá Forsætisráðuneytinu

Oddviti kynnti erindið

3. Bréf frá Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu

Oddviti kynnti erindið

4. Ástandsskýrsla á hesthúsi í Þóristungum

Samþykkt að vísa málinu til Húsakynna bs.

5. Fundargerðir

- a. Félagsþjón.Rangárv.s. og V-Skaft. – reglur um framsal valds sbr. barnav.lög
Hreppsnefnd samþykkir reglurnar fyrir sitt leyti
- b. Stjórnarfundur Sorpu 4.7. 2018
Til kynningar

6. Styrkir

- a. MS félagið – óskar eftir styrk við útgáfu afmælisrits
Hafnað.
- b. Heilaheill – óskar eftir styrk við útgáfu Heilaheilla með kaupum á auglýsingu
Hafnað.

7. Til kynningar

- a. Rangárþ.eystra - v. persónuverndarfulltrúa
- b. Dattaca Labs – v persónuverndarfulltrúa
Oddvita falið að óska eftir kynningum og verðhugmyndum.
- c. Fjölskyldan saman
- d. Aðalfundur Strandarvallar
- e. Stjórnarferð Rarik um Suðurland

8. Næsti fundur hreppsnefndar.

Næsti reglulegi fundur hreppsnefndar verður 8. ágúst 2018 kl. 8.30

Fundargerð yfirlesin og samþykkt. Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:18

Ásta B. Ólafsdóttir (sign)

Elín Grétarsdóttir (sign)

Guðmundur Gíslason (sign)

Ágústa Guðmarsdóttir (sign)

Brynja J. Jónasdóttir (sign)